

12. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

3. október 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 20:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Forföll boðaði: Sara Sigurðardóttir (SS), Marínó Örn Ólafsson (MÖÓ) og Una Hildardóttir (UH).

Fundur settur 20:14

Dagskrá:

1. **Fundargerð 11. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Fundargerð 2. Fulltrúaráðsfundar** var samþykkt.
3. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI vakti athygli á að staða allra verkefna væri uppsett í Asana.
 - b. Skýrsla um innflytjendaverkefnið tefst vegna annað hjá félaginu. TI falið að sækja um frest hjá Velferðarráðuneytinu.
 - c. Samstarf við Allianssi: Umsókn send og upplýsingar sendar á NBC.
 - d. TI upplýsti stjórn um tvígreiddann styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem félaginu ber að endurgreiða.
4. **#ÉgKýs vegna Alþingiskosninga 28. október 2017:** Lýðræðisvikan hefst 9. október og endar með skuggakosningum 12. október. Einhverjir skólar hafa þó fengið leyfi til að kjósa síðar vegna haustfrís og miðannamats.
 - a. Þátttaka: 19 skólar af 30 hafa þegar boðað þátttöku sína að svo stöddu, 22 tóku þátt í fyrra.
 - b. Fjármögnun: Styrkbeiðni hefur verið send á öll ráðuneyti auk skrifstofu Alþingis. Dómsmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 500.000 og jákvætt svar hefur borist frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
 - c. Tillaga frá SS: Senda út fréttatilkynningu með helstu niðurstöðum skýrslu ásamt tilkynningu á framkvæmt #ÉgKýs 2017.
 - d. Tekin var ákvörðun um að vera í samstarfi við Kosningasamtal 2017 á vegum Betra Íslands.
 - e. Viðburðurinn Pólítískt Partý fer fram annað árið í röð í Hinu Húsinu þann 26. október. Boð um þátttöku verður sent út á morgun.
5. **Leiðtogaskólinn (lota 2) 14. og 15. október:**
 - a. Drög að bréfi til heiðursgests var samþykkt.
 - b. Stuðningsbréf frá Evrópuráðinu var samþykkt.
 - c. Niðurgreiðsla ferðakostnaðar hefur verið reiknað út sbr. reglur Evrópuráðsins og var það samþykkt.
 - d. Umsóknarfrestur til að skila inn lokaverkefnum var 25. október og var TI falið að senda út áminningu á þátttakendum.
 - e. Allir verkþættir hafa verið settir upp í Asana með ábyrgðaraðilum.
 - f. TI og LMJ sjá um að undirbúa vinnustofu og rennsli kynninga.
 - g. TI falið að útbúa viðburð á Facebook og auglýsingu/dagskrá málþings 15. október.
6. **Staða aðildarfélaga:** LMJ kynnti yfirlit yfir stöðu aðildarfélaga og hvaða upplýsingar þarf að fylla út. Frestur fyrir ábyrgðaraðila til að fá skipun fulltrúa í fulltrúaráð er til 16. október.

7. Alþjóðamál:

- a. **Lýðræðisráðstefnan “Democracy, Youth and Democratic Exclusion” í Osló:** TI hefur verið beðin um að sitja í pallborði. Einnig bárust þær upplýsingar um að félögin þurfi að leggja út fyrir ferðakostnaði og var TI falið að bóka flug fyrir íslensku fulltrúanna.
 - b. **Tilnefning ungmennafulltrúa í norrænan sérfræðihóp um SDGs:** Tvær umsóknir hafa borist og ákveðið var að tilnefna báða fulltrúanna til ráðuneytisins.
8. **Heimasíða:** ÓHH tók að sér að vinna í uppsetningu aðildarfélaga fyrir 9. október.
 9. **Umsóknarfrestir styrkja:** Ákveðið var að sækja um fyrir enskri þýðingu á #ÉgKýs lokaskýrslu, verkfærakistu ungmennafélaga og þarfagreiningu í viðeigandi sjóði.
 10. **Starfsmannamál:** TI verður erlendis 16.-21. október og 27.-29. október. Starfssamningur er runnin út og samþykkti TI framlengingu á samningi út október með því skilyrði að skriflegur samningur verði gerður í nóvember.
 11. **2. Fulltrúaráðsfundur** verður mánudaginn 20. nóvember kl. 18:30.
 12. **Næsti stjórnarfundur:** 16. október og boðaði ÓHH forföll.
 13. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:40.

TI ritaði fundargerð.